

ÁKVÖRDUN FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR

2013/EES/70/13

frá 2. júlí 2010

um öryggiskröfur sem uppfylla þarf með Evrópustöðlum um tilteknar vörur í svefnumhverfi barna samkvæmt tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2001/95/EB

(2010/376/ESB) (*)

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUSAMBANDSINS HEFUR,

með hliðsjón af sáttmálanum um starfshætti Evrópusambandsins,

með hliðsjón af tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2001/95/EB frá 3. desember 2001 um öryggi vöru⁽¹⁾, einkum a-lið 1. mgr. 4. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) Í tilskipun 2001/95/EB er kveðið á um að evrópskar staðlastofnanir skuli fastsetja Evrópustaðla. Þessar staðlar skulu tryggja að vörur uppfylli almennar öryggiskröfur tilskipunarinnar.
- 2) Samkvæmt tilskipun 2001/95/EB telst vara örugg, að því er varðar áhættu og áhættuflokka sem falla undir landsstaðla, ef hún er í samræmi við valfrjálsa landsstaðla, sem settir hafa verið til að framfylgja Evrópustöðlum.
- 3) Árið 2006 stóð framkvæmdastjórn Evrópusambandsins að rannsókn⁽²⁾ til að meta öryggi nokkurra vara sem venjulega eru notaðir til umönnunar ungbarna og smábarna á aldrinum 0 til 5 ára. Rannsóknin var unnin í samvinnu við landsyfyrvöld, landsbundna stöðlunaraðila, neytendasamtök, stofnanir um vöruöryggi, rekstraraðila og prófunarstofur.
- 4) Í rannsókninni voru teknar saman tölfræðilegar upplýsingar um þessar vörur, að því er varðar slys og áverka í Evrópusambandinu og á alþjóðavísu, og einnig var gert fullnaðaráhættumat, byggt á greiningu á meginhættum og mati á sviðsmyndum af váhrifum.
- 5) Fimm vörutegundir, sem mat rannsóknarinnar náði til og sem oft er að finna í svefnumhverfi nýfæddra barna og smábarna, voru valdar fyrir eftirfylgni rannsókna

innar. Um er að ræða dýnur í ungbarnarúm, rimlahlífur, upphengd barnarúm, barnasængur og værdarpoka fyrir börn.

- 6) Nýfædd börn sofa að jafnaði í a.m.k. 16 klukkustundir á dag og við 3–5 ára aldur sofa börn í 11–13 klukkustundir á dag. Að vökutíma meðtöldum eyða ungbörn og smábörn a.m.k. hálfum deginum í svefnumhverfi á fyrstu fimm árum ævinnar. Vörur, sem er að finna í svefnumhverfi, verða að vera öruggar því þær eru ungbörn og smábörn eru oft skilin eftir án eftirlits til lengri tíma að degi og nóttu.
- 7) Samkvæmt Evrópskum gagnagrunni um áverka, (e. *European Injury Database*, IDB), urðu 17 000 slys á börnum, á aldrinum 0 til 4 ára, í rúmum sínum, á árunum 2005 til 2007, innan Evrópusambandsins⁽³⁾. Samkvæmt Bandarísku nefndinni um öryggi neytendavara (CPSC) deyja fleiri börn árlega í slysum, sem tengjast barnarúmunum og vörum þeim tengdum, en í slysum tengdum nokkrum öðrum vörum til umönnunar barna⁽⁴⁾.
- 8) Tilkyningar hafa borist í gegnum evrópska hraðviðvörðunarkerfið (RAPEX) um að sumum tegundum rimlahlífa og værdarpoka fyrir börn fylgi áhætta á köfnun og af þessum sökum hafa þær vörur verið teknar af markaði eða innkallaðar. Franska nefndin um öryggi neytenda lagði til, árið 1992, að gripið yrði til aðgerða til að upplýsa neytendur og gera barnasængur öruggari, vegna áhættu á eldfimi, ofhitun og köfnun⁽⁵⁾. Á árunum 2002, 2007 og 2008 fór Bandaríska nefndin um öryggi neytendavara fram á að nokkrar tegundir dýna fyrir barnarúm yrðu innkallaðar vegna áhættunnar á að barn gæti klemmst á milli dýnu og rúmbotns og vegna órökstuddra fullyrðinga um vöruna⁽⁶⁾.
- 9) Rimlahlífur, dýnur og barnasængur kunna að auka líkur á því að skyndidauða ungbarna (e. *Sudden Infant Death Syndrome*, SIDS) eigi sér stað vegna áhættunnar á ofhitun og köfnun, ef vörurnar eru ekki öruggar eða þær eru afhentar án nauðsynlegra öryggisviðvarana⁽⁷⁾.

(3) IDB All Injury Data, 2005-2007.

(4) „Nursery product-related injuries and deaths among children under the age of five“, Bandaríska nefndin um öryggi neytendavara, febrúar 2009.

(5) <http://www.securiteconso.org/Article195.html>

(6) <http://www.cpsc.gov/cgi-bin/prod.aspx>

(7) „Environment of infants during sleep and risk of sudden infant death“, *British Medical Journal*, 1996, „Changing concepts of SIDS: implications for infant sleeping environment and sleep position“, *American Academy of Paediatrics*, mars 2000, „Sleep Environment and the risk of sudden Infant death in an urban population“, *American Academy of Paediatrics*, maí 2003, <http://www.hc-sc.gc.ca/cps-spc/legislation/pol/bumper-bordure-eng.php>

(*) Þessi EB-gerð birtist í Stjtið. ESB L 170, 6.7.2010, bls. 39. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 196/2012 frá 26. október 2012 um breytingu á II. viðauka (Tæknilegar reglugerðir, staðlar, prófanir og vottun) við EES-samninginn, sjá *EES-viðbætur við Stjórnartíðindi Evrópusambandsins* nr. 6, 24.1.2013, bls. 10.

(1) Stjtið. EB L 11, 15.1.2002, bls. 4.

(2) http://ec.europa.eu/consumers/safety/projects/ongoing-projects_en.htm#project_results

- 10) Á sama tíma hafa rannsóknir leitt í ljós að værdarpokar fyrir börn geti varið þau fyrir skyndidauða ungbarna ⁽¹⁾ þar sem þeir minnka líkur á því að barn liggja á maganum og koma í veg fyrir að rúmföt hylji andlit og höfuð barns á meðan það sefur. Ef hvetja á til notkunar á værdarpokum, af þessum ástæðum, er nauðsynlegt að tryggja að þeim fylgi ekki aðrar áhættur, s.s. að smáir hlutir standi í börnum og að þeir festist.
- 11) Enginn Evrópustaðall er til fyrir framangreindar fimm vörutegundir. Því er nauðsynlegt að ákvarða sértækar kröfur samkvæmt a-lið 1. mgr. 4. gr. tilskipunar 2001/95/EB með það fyrir augum að stöðlunaraðilar þrói staðla sem draga úr áhættunum sem tengjast notkun á þessum vörum.
- 12) Þessir staðlar skulu þróaðir samkvæmt málsmeðferðinni sem mælt er fyrir um í tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 98/34/EB frá 22. júní 1998 sem setur reglur um tilhögun upplýsingaskipta vegna tæknilegra staðla og reglugerða sem og reglna um þjónustu í upplýsingasamfélaginu ⁽²⁾. Birta skal tilvísanir í samþykktan staðal í Stjórnartíðindum Evrópusambandsins, í samræmi við 2. mgr. 4. gr. tilskipunar 2001/95/EB.
- 13) Þegar viðeigandi staðlar liggja fyrir og að því tilskildu að framkvæmdastjórnin ákveði að birta tilvísun í þá í Stjórnartíðindunum, samkvæmt málsmeðferðinni sem mælt er fyrir um í 2. mgr. 4. gr. tilskipunar 2001/95/EB, skal gengið út frá því að dýnur í ungbarnarúm, rimlahlífar, upphengt barnarúm, barnasængur og værdarpokar fyrir börn, sem framleidd eru í samræmi við slíka staðla, séu í samræmi við almennar öryggiskröfur tilskipunar 2001/95/EB, að því er varðar þær öryggiskröfur sem falla undir staðlana.
- 14) Þessi ákvörðun er í samræmi við álit nefndarinnar sem komið var á fót skv. 15. gr. tilskipunar 2001/95/EB.

SAMÞYKKT ÁKVÖRDUN ÞESSA:

1. gr.

Skilgreiningar

Í þessari ákvörðun er merking eftirfarandi hugtaka sem hér segir:

- „dýna í ungbarnarúm“: vara, sem veitir nýfæddum börnum og smábörnum, sem sofa í barnarúmi, stuðning; hún hefur venjulega málin 60 × 120 cm eða 70 × 140 cm og er mismunandi að þykkt, frá 6 til 15 cm; einnig getur verið mögulegt að brjóta hana saman.
- „rimlahlíf“: bólstraður fylgihlutur fyrir barnarúm, sem festur er á innri hluta þess, almennt notaður til að auka þægindi barnsins; hlífín þekur a.m.k. aðra hlið barnarúmsins,
- „upphengt barnarúm“: barnarúm eða ungbarnarúm, oft með sveigjanlegt eða annað flatt yfirborð, sem hengt er upp á eina eða fleiri festingar með taugum, böndum eða ólum; notað til að leggja ungbarn, sem getur enn ekki kropsið eða setið, upprétt hjálparlaust,
- „barnasæng“: taupoki með mjúkra fyllingu til nota í barnarúmi til að auka þægindi við svefn og koma í veg fyrir lágan líkamshita,
- „værdarpoki fyrir börn“: poki í líkamslengd, með mjúku föðri eða bólstri, sem barnið er sett í, og hannaður til að koma í veg fyrir lágan líkamshita og köfnun þegar barnið sefur eða liggur í rúmi sínu.

2. gr.

Kröfur

Sértækar öryggiskröfur fyrir vörurnar, sem um getur í 1. gr. og uppfylla þarf með Evrópustöðlum, skv. 4. gr. tilskipunar 2001/95/EB, eru settar fram í viðauka við þessa ákvörðun.

3. gr.

Gildistaka

Ákvörðun þessi öðlast gildi á tuttugasta degi eftir að hún birtist í Stjórnartíðindum Evrópusambandsins.

Gjört í Brussel 2. júlí 2010.

Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,

José Manuel BARROSO

forseti.

⁽¹⁾ „Risk and preventive factors for cot death in The Netherlands, a low-incidence country“, European Journal of Paediatrics, júlí 1998.

⁽²⁾ Stjtið. EB L 204, 21.7.1998, bls. 37.

VIÐAUKI

SÉRTÆKAR ÖRYGGISKRÖFUR FYRIR DÝNUR Í UNGBARNARÚM

ÁHÆTTUR: Helstu áhættur í sambandi við vöruna eru þær að barn geti fest sig og að hún sé eldfim.

Öryggiskröfur

1. Almennar öryggiskröfur

Vörur skulu ekki stofna öryggi eða heilbrigði barna og umönnunaraðila í hættu þegar þær eru notaðar eins og til er ætlast eða eins og fyrirsjáanlegt er að þær verði notaðar, að teknu tilliti til hegðunar barna. Taka skal tillit til getu barna og umönnunaraðila þeirra, einkum að því er varðar vörur sem, með skirskotun til hlutverks þeirra, stærðar og eiginleika, eru ætlaðar til nota fyrir börn undir fimm ára aldri. Á merkimiðum vara eða umbúða þeirra og í meðfylgjandi notkunarleiðbeiningum skal athygli umönnunaraðila vakin á þeim hættum og áhættum, sem fylgja notkun þeirra, og hvernig megi forðast þær.

2. Sértaekar öryggiskröfur

Kröfur um efnafræðilega eiginleika

Dýnur í ungbarnarúm skulu vera í samræmi við löggjöf ESB.

Bruna- og varmaeiginleikar

Dýnur í ungbarnarúm skulu ekki skapa eldhættu í umhverfi barns. Þær skulu því vera úr efnum, sem uppfylla a.m.k. eitt af eftirfarandi skilyrðum:

- þau brenna ekki þó að þau komist í beina snertingu við loga eða neista,
- ef kviknar í þeim skulu þau brenna hægt og útbreiðsla eldsins skal vera hæg.

Þar að auki skulu brennanleg efni ekki losa eitruðar lofttegundir við bruna.

Notkun eldtefjandi efna skal haldið í lágmarki. Séu eldtefjandi efni notuð skulu eiturrhrif þeirra við notkun og förgun, þegar efnin eru úr sér gengin, ekki stofna heilbrigði barna, umönnunaraðila þeirra eða umhverfinu í hættu.

Eðliseiginleikar og aflfræðilegir eiginleikar

Hætta á að festast í bilum og opum

Til að koma í veg fyrir að bolur, höfuð og háls festist á milli dýnu og rúmbotns skulu dýnur í ungbarnarúm ná alveg yfir rúmbotninn og þola álagið af því þegar barn stendur á dýnunni eða gengur í rúminu.

Ekki skal vera mögulegt fyrir barnið að lyfta hlutum dýnu, sem hægt er að brjóta saman, þannig að það komist að rúmbotninum og líkur aukist á að það festist á milli dýnu og rúmbotns.

Efnir því sem unnt er skulu vörur hannaðar og framleiddar þannig að útlimir, fætur og hendur festist ekki í bilum á milli dýnu og hliða barnarúms.

Til að koma í veg fyrir köfnun barns sem fest hefur höfuð eða bol á milli dýnu og hliða barnarúms, þarf bilið þar á milli að vera takmarkað, miðað við þá stöðu dýnunnar sem veldur mestu álagi.

Hætta á að flækjast

Lengd tauga, banda og hluta, sem notuð eru sem festingar, og stærð lykkja skal takmörkuð til að koma í veg fyrir hættuna á að flækjast.

Hætta á köfnun þegar öndunarvegur lokast utan frá

Á dýnum í ungbarnarúm skulu ekki vera áþrykkir miðar úr plasti, sem barnið getur losað af, eða önnur ógegndræp lög sem geta hulið munn og nef samtímis.

Umbúðir utan um vöruna skulu ekki valda hættu á köfnun sem stafar af því að öndunarvegur lokast.

Til að koma í veg fyrir hættu á köfnun skal varan ekki hafa mjúka fyllingu sem gæti mótast eftir andliti barnsins eða dældast þannig að öndunarvegur geti lokast.

Hætta á að það standi í barni og á köfnun þegar öndunarvegur lokast innan frá

Dýnur í ungbarnarúm skulu ekki hafa lausa eða smáa hluti sem barn getur losað og sem komast upp í munn þess og það getur kyngt.

Dýnur í ungbarnarúm skulu ekki hafa smáa hluti sem barn getur losað og sem geta setið fastir í koki eða aftanverðu munnholi. Fyllingarefnið skal ekki vera aðgengilegt, sérstaklega ekki þegar bitið er í dýnuna, og það skal þola álag af fyrirsjáanlegri notkun barns, með tilliti til möguleikans á því að þræðir liggi í gegnum sauma og til styrkleika saumanna.

Hættulegar brúnir

Dýnur í ungbarnarúm skulu ekki hafa skarpar brúnir eða vera oddhvassar. Gormar skulu ekki vera hættulega oddhvassir og skulu ekki standa upp úr yfirborði dýnnar.

Heilleiki

Efnið í dýnunni skal hafa þannig eðliseiginleika að ekki stafi hætta á að barn festist á milli dýnu og rúmbotns. Fyllingin má ekki aflagast varanlega þannig að áklæðið losni.

Sértækar viðvaranir vegna vörunnar

Í viðvörunum og notkunarleiðbeiningum skal tilgreina þykkt og stærð (lengd og breidd) dýnnar, með tilliti til þess að dýnan passi í rúmið, og til að koma meg í veg fyrir að barn falli úr rúminu eða festist á milli dýnu og rúmbotns.

Til að koma í veg fyrir köfnun skulu leiðbeiningar vekja athygli umönnunaraðila á hættunni sem fylgir því að stafla tveimur eða fleiri dýnum til að auka þægindi barnsins.

Einnig skulu fylgja viðvaranir við aðstæðum, sem mögulega gætu valdið bruna (t.d. þegar reykt er nálægt barnarúmi).

Hreinlæti

Dýnur í ungbarnarúm skal hanna þannig að þær uppfylli kröfur um hreinlæti og þrífnað til að koma í veg fyrir áhættu af völdum sýkingar eða smits.

SÉRTÆKAR ÖRYGGISKRÖFUR FYRIR RIMLAHLÍFAR

ÁHÆTTUR: Helstu áhættur í sambandi við vöruna eru að börn kyrkist, kafni, þegar öndunarvegur lokast utan eða innan frá, eða að það standi í þeim.

Öryggiskröfur

1. Almennar öryggiskröfur

Vörur skulu ekki stofna öryggi eða heilbrigði barna í hættu þegar þær eru notaðar eins og til er ætlast eða eins og fyrirsjáanlegt er að þær verði notaðar, að teknu tilliti til hegðunar barna.

Taka skal tillit til getu barna og umönnunaraðila þeirra, einkum að því er varðar vörur sem, með skírskotun til hlutverks þeirra, stærðar og eiginleika, eru ætlaðar til nota fyrir sex til átján mánaða gömul börn.

Á merkimiðum vara eða umbúða þeirra og meðfylgjandi notkunarleiðbeiningum skal athygli umönnunaraðila vakin á þeim hættum og áhættum á skaða, sem fylgja notkun þeirra, og hvernig megí forðast þær.

2. Sértækar öryggiskröfur

Kröfur um efnafræðilega eiginleika

Rimlahlífar skulu vera í samræmi við löggjöf ESB.

Bruna- og varmaeiginleikar

Rimlahlífar skulu ekki skapa eldhættu í umhverfi barns. Þær skulu vera úr efnum, sem uppfylla a.m.k. eitt af eftirfarandi skilyrðum:

- þau brenna ekki þó að þau komist í beina snertingu við loga eða neista,
- ef kviknar í þeim skulu þau brenna hægt og útbreiðsla eldsins skal vera hæg.

Þar að auki skulu brennanleg efni ekki losa eittraðar lofttegundir við bruna.

Notkun eldtefjandi efna skal haldið í lágmarki. Séu eldtefjandi efni notuð skulu eiturhrif þeirra við notkun og förgun, þegar efnin eru úr sér gengin, ekki stofna heilbrigði barna, umönnunaraðila þeirra eða umhverfinu í hættu.

*Eðliseiginleikar og aflfræðilegir eiginleikar**Örverufræðilegar hættur*

Rimlahlífur skulu ekki skapa örverufræðilegar hættur vegna óþrífnaðar sem stafar af efni úr dýraríkinu.

Hætta á að festast í bilum og opum

Rimlahlífur skulu ekki valda hættu á því að barn festi höfuð eða háls í lykkjum eða böndum eða öðrum festibúnaði. Saumar og skrauthlutir á hlíf skulu ekki losna vegna aflfræðilegs álags við fyrirsjáanlega notkun barna svo ekki skapist aukin áhætta á að útlímur, höfuð eða fingur festist eða að fyllingarefni verði aðgengilegt (sjá hættur á að það standi í barni).

Hætta á að flækjast

Á rimlahlífum skulu ekki vera nein bönd eða lykkjur sem gætu flækst utan um háls barns. Forðast skal lykkjur sem barn gæti fest fingur eða tær í.

Hætta á að það standi í barni og á köfnun þegar öndunarvegur lokast innan frá

Rimlahlífur skulu ekki hafa lausa eða smáa hluti sem barn getur losað og sem komast upp í munn þess og það getur kyngt.

Rimlahlífur skulu ekki hafa smáa hluti sem barn getur losað og sem geta setið fastir í koki eða aftanverðu munnholi. Fyllingarefnið skal ekki vera aðgengilegt, sérstaklega ekki þegar bitið er í rimlahlífina, og það skal þola álag af fyrirsjáanlegri notkun barns, með tilliti til möguleikans á því að þræðir liggja í gegnum sauma og til styrkleika saumanna. Fyllingarefni skal ekki innihalda nein hörð eða beitt aðskotaefni, s.s. málmagnir, nagla, nálar eða flísar.

Hætta á köfnun þegar öndunarvegur lokast utan frá

Á dýnum í ungbarnarúm skulu ekki vera áþrykkir miðar úr plasti, sem barnið getur losað af, eða önnur ógegnþræp lög sem geta hulið munn og nef samtímis.

Umbúðir utan um vöruna skulu ekki valda hættu á köfnun sem stafar af því að öndunarvegur lokast utan frá.

Til að koma í veg fyrir hættu á köfnun skal varan ekki hafa mjúka fyllingu sem gæti mótast eftir andliti barnsins eða dældast þannig að öndunarvegur geti lokast.

Hættulegar brúnir

Rimlahlífur skulu ekki hafa skarpar brúnir eða vera oddhvassar. Á þeim skulu ekki vera oddar eða yfirborð sem stendur út og barn getur stungið sig á.

Verndarvirkni

Rimlahlífur skulu hannaðar og framleiddar með þeim hætti að á þeim séu ekki hlutir sem barn geta notað fyrir fötfestu og þannig klífrað á vörunni.

Hættur vegna samsetningar tveggja mismunandi hluta

Rimlahlífur skulu ekki valda aukinni hættu á að barn festist eða kafni, nái það að koma höfði sínu á milli hlífur og hliðar rimlarúmsins.

Sértækar viðvaranir vegna vörunnar

Veita skal fullnægjandi upplýsingar um rétta uppsetningu rimlahlífur á hliðar rimlarúmsins. Í viðvörunum skal tilgreina að setja skuli rimlahlífina upp með réttum hætti þannig að á festibúnaði séu ekki nein bönd eða lykkjur þar sem barn geti fest höfuð sitt eða háls. Viðvaranir skulu vekja athygli umönnunaraðila á þeim áhættum sem fylgja rimlahlífum sem, (vegna stærðar eða tegundar), passa ekki í rúmið og sem ekki eru rétt festar við það.

Hreinlæti

Rimlahlífur skal hanna og framleiða þannig að auðvelt sé að þrifa þær vandlega til að koma í veg fyrir áhættu af völdum sýkingar eða smits. Varan skal einnig uppfylla þetta skilyrði þegar búið er að þvo hana, samkvæmt leiðbeiningum framleiðanda, og hún skal ekki verða blettött af því að komast í snertingu við barnið.

SÉRTÆKAR ÖRYGGISKRÖFUR UM UPPHENGD BARNARÚM

ÁHÆTTUR: Helstu áhættur í sambandi við vöruna eru þær að barn festist, kafni, eða hljóti áverka vegna bilunar í burðarvirki og óstöðugleika.

Öryggiskröfur**1. Almennar öryggiskröfur**

Vörur skulu ekki stofna öryggi eða heilbrigði barna í hættu þegar þær eru notaðar eins og til er ætlast eða eins og fyrirsjáanlegt er að þær verði notaðar, að teknu tilliti til hegðunar barna.

Taka skal tillit til getu barna og umönnunaraðila þeirra, einkum að því er varðar vörur sem, með skírskotun til hlutverks þeirra, stærðar og eiginleika, eru ætlaðar til nota fyrir börn undir tólf mánaða aldri.

Á merkimiðum vara eða umbúða þeirra og meðfylgjandi notkunarleiðbeiningum skal athygli umönnunaraðila vakin á þeim hættum og áhættum á skaða, sem fylgja notkun þeirra, og hvernig megi forðast þær.

2. Sértækar öryggiskröfur*Kröfur um efnafræðilega eiginleika*

Upphengd barnarúm skulu vera í samræmi við löggjöf ESB.

Bruna- og varmaeiginleikar

Upphengd barnarúm skulu ekki skapa eldhættu í umhverfi barns. Þau skulu vera úr efnum, sem uppfylla a.m.k. eitt af eftirfarandi skilyrðum:

- þau brenna ekki þó að þau komist í beina snertingu við loga eða neista,
- ef kviknar í þeim skulu þau brenna hægt og útbreiðsla eldsins skal vera hæg.
- ef kviknar í þeim skulu þau brenna hægt og án logandi eða bráðnandi leifa.

Þar að auki skulu brennanleg efni ekki losa eittraðar lofttegundir við bruna.

Notkun eldtefjandi efna skal haldið í lágmarki. Séu eldtefjandi efni notuð skulu eiturrhif þeirra við notkun og förgun, þegar efnin eru úr sér gengin, ekki stofna heilbrigði barna, umönnunaraðila þeirra eða umhverfinu í hættu.

Eðliseiginleikar og aflfræðilegir eiginleikar

Hætta á að festast í bilum og opum

Upphengd barnarúm skulu hönnuð og framleidd þannig að börn geti ekki með nokkru móti fest höfuð, fingur, útlími, hendur og fætur í opum, hværrar gerðar sem þau eru.

Hættur vegna hreyfanlegra hluta

Upphengd rúm skulu hönnuð þannig að barnið í rúminu geti ekki fengið högg af rúmgrindinni eða öðrum húsgögnum í herberginu vegna hliðarhreyfinga.

Upphengd rúm skulu hönnuð þannig að rúmið geti ekki snúist nema að takmörkuðu leyti, t.d. við að undið sé upp á það.

Upphengd rúm skulu ekki skapa öðrum börnum (t.d. systkinum), sem komast í snertingu við rúmið, neina hættu (t.d. að þau festist).

Hætta á falli

Bæði standur og rúm skulu vera nægilega stöðug til að koma í veg fyrir að upphengt rúm sporðreisist fyrir slysi og barnið falli úr því. Barnarúm skulu haldast stöðug þegar barn hreyfir sig í rúminu eða þegar rúmið sveiflast eftir þeirri sveifluvídd sem upphengibúnaðurinn leyfir.

Festibúnaðurinn skal ekki losna frá burðarbita eða sambærilegum búnaði.

Við notkun skal upphengibúnaður, ásamt íhlutum, þola hreyfingar barnsins.

Hætta á að flækjast

Í upphengdu barnarúmi skulu ekki vera neinar taugar eða borðar sem gætu flækst utan um háls barns. Barn í upphengdu rúmi skal ekki geta flækst í taugum og böndum frá upphengibúnaði eða stillingarbúnaði.

Hætta á að það standi í barni og á köfnun þegar öndunarvegur lokast innan frá

Upphengd barnarúm skulu ekki hafa lausa eða smáa hluti sem barn getur losað og sem komast upp í munn þess og það getur kyngt.

Upphengd barnarúm skulu ekki hafa smáa hluti sem barn getur losað og sem geta setið fastir í koki eða aftanverðu munnholi. Fyllingarefnið skal ekki vera aðgengilegt og skal þola álag af fyrirsjáanlegri notkun barns (þ.m.t. að bitið sé í vöruna).

Hætta á köfnun þegar öndunarvegur lokast utan frá

Á dýnum í ungbarnarúm skulu ekki vera áþrykkir miðar úr plasti, sem barnið getur losað af, eða önnur ógegndræp lög, sem geta hulið munn og nef samtímis.

Umbúðir utan um vöruna skulu ekki valda hættu á köfnun sem stafar af því að öndunarvegur lokast utan frá. Til að koma í veg fyrir hættu á köfnun skal varan ekki hafa mjúka fyllingu sem gæti mótast eftir andliti barnsins eða dældast þannig að öndunarvegur geti lokast.

Hættulegar brúnir

Upphengd barnarúm skulu ekki hafa skarpar brúnir eða vera oddhvöss. Horn og brúnir, sem eru aðgengilegar, skulu rúnnaðar eða sniðskornar.

Á vörunni skulu ekki vera framstæðir hlutar sem barn gæti dottið á og þannig hlotið áverka.

Á vörunni skulu ekki vera oddar eða yfirborð sem stendur út og barn getur stungið sig á.

Heilleiki

Takmarka skal hversu mikið upphengibúnaður getur aflagast og stillingarbúnaður getur slaknað, til að koma í veg fyrir fall úr rúminu eða högg.

Saumar og skrauthlutir á upphengdu barnarúmi mega ekki losna vegna aflfræðilegs álags við fyrirsjáanlega notkun barna, svo ekki skapist áhætta á að útlimir, höfuð eða fingur festist.

Hreyfingar barns skulu ekki valda því að op myndist eða að op, sem þegar eru til staðar, breytist þannig að barn geti fest þar fingur, hendur og fætur.

Til að koma í veg fyrir að upphengt barnarúm falli saman og að íhlutir (úr standi, festibúnaði eða upphengibúnaði) brotni, sem líklegt er að valdi líkamlegum áverkum, skulu upphengd rúm þola það aflfræðilega álag sem hlýst af notkun þeirra, út endingartíma vörunnar.

Sértækar viðvaranir vegna vörunnar

Viðvaranir og notkunarleiðbeiningar skulu vekja athygli umönnunaraðila á því að það krefst færni að setja rúmið upp og stilla það með réttum hætti. Viðvaranir skulu einnig fela í sér eftirfarandi skilaboð:

- barn getur hlotið áverka ef sveifluviðd er of mikil (t.d. getur barnið rekist í rúmgrindina eða rúmið rekist í önnur húsgögn),
- upphengdum rúmum getur fylgt áhættur fyrir önnur börn,
- nærvera annarra barna getur aukið áhættuna (t.d. þegar þau reyna að beygja sig yfir rúmið),
- upphengd rúm skal setja upp á flötu yfirborði,
- börn skulu ekki sofa í upphengdum rúmum að næturlagi,
- ekki skal nota upphengd rúm þegar barnið er fært um að krjúpa eða sitja upprétt hjálparlaust. Skýrt skal koma fram fyrir hvaða aldurshóp varan er ætluð (ekki yfir 12 mánaða aldri).

Hreinlæti

Upphengd barnarúm skal hanna og framleiða þannig að auðvelt sé að þrifa þau vandlega til að koma í veg fyrir áhættu af völdum sýkingar eða smits.

SÉRTÆKAR ÖRYGGISKRÖFUR UM BARNASÆNGUR

ÁHÆTTUR: Helstu áhættur í sambandi við vöruna eru köfnun og of lágur líkamshiti, sem oft tengist skyndidauða ungbarna.

Öryggiskröfur**1. Almennar öryggiskröfur**

Vörur skulu ekki stofna öryggi eða heilbrigði barna í hættu þegar þær eru notaðar eins og til er ætlast eða eins og fyrirsjáanlegt er að þær verði notaðar, að teknu tilliti til hegðunar barna.

Á merkimiðum vara eða umbúða þeirra og í meðfylgjandi notkunarleiðbeiningum skal athygli umönnunaraðila vakin á þeim hættum og áhættum á skaða, sem fylgja notkun þeirra, og hvernig megi forðast þær.

2. Sértækar öryggiskröfur*Kröfur um efnafræðilega eiginleika*

Barnasængur skulu vera í samræmi við löggjöf ESB.

Bruna- og varmaeiginleikar

Barnasængur skulu ekki skapa eldhættu í umhverfi barns.

Þær skulu vera úr efnum, sem uppfylla a.m.k. eitt af eftirfarandi skilyrðum:

- þau brenna ekki þó að þau komist í beina snertingu við loga eða neista,
- ef kviknar í þeim skulu þau brenna hægt og útbreiðsla eldsins skal vera hæg.

Þar að auki skulu brennanleg efni ekki losa eittraðar lofttegundir við bruna.

Notkun eldtefjandi efna skal haldið í lágmarki. Séu eldtefjandi efni notuð skulu eiturhrif þeirra við notkun og förgun, þegar efnið eru úr sér gengin, ekki stofna heilbrigði barna, umönnunaraðila þeirra eða umhverfinu í hættu.

Hætta á lágum líkamshita

Viðvaranir og leiðbeiningar skulu vekja athygli umönnunaraðila á hitastiginu í herberginu þar sem varan er notuð, til að koma í veg fyrir lágan líkamshita.

*Eðliseiginleikar og aflfræðilegir eiginleikar***Örverufræðilegar hættur**

Barnasængur skulu ekki skapa örverufræðilegar hættur vegna óþrifnaðar sem stafar af efni úr dýraríkinu.

Hætta á að festast í bilum og opum

Saumar og skrauthlutir á barnasængum mega ekki losna vegna aflfræðilegs álags við fyrirsjáanlega notkun, svo ekki skapist áhætta, einkum fyrir fingur, á að festast.

Hætta á að flækjast

Barnasængur skulu ekki hafa bönd eða lykkjur sem gætu flækst um háls barns.

Hætta á að það standi í barni og á köfnun þegar öndunarvegur lokast innan frá

Barnasængur skulu ekki hafa lausa eða smáa hluti sem barn getur losað og sem komast upp í munn þess og það getur kyngt. Barnasængur skulu ekki hafa smáa hluti sem barn getur losað og sem geta setið fastir í koki eða aftanverðu munnholi. Fyllingarefni skal ekki vera aðgengilegt og ekki innihalda neim hörð eða beitt aðskotaefni, s.s. málmagnir, nagla, nálar eða flísar. Fyllingin skal einnig þola álag af fyrirsjáanlegri notkun barns, (þ.m.t. að bitið sé í vöruna), með tilliti til möguleikans á því að þræðir liggja í gegnum sauma og til styrkleika saumanna.

Hætta á köfnun þegar öndunarvegur lokast utan frá

Á dýnum í ungbarnarúm skulu ekki vera áþrykkir miðar úr plasti, sem barnið getur losað af, eða önnur ógegendræp lög, sem geta hulið munn og nef samtímis.

Umbúðir utan um vöruna skulu ekki valda hættu á köfnun sem stafar af því að öndunarvegur lokast utan frá.

Barnið skal geta andað og hafa nægilegt loftflæði þegar sængin hylur andlit þess í svefni.

Sértækar viðvaranir vegna vörunnar

Viðvaranir og notkunarleiðbeiningar skulu vekja athygli umönnunaraðila á alvarlegri köfnunaráhættu ef sængur eru notaðar fyrir börn yngri en fjögurra mánaða.

Ráðlagður lágmarksaldur er níu mánuðir.

Einnig skulu koma fram upplýsingar um stærð rúmsins þar sem nota á sængina.

Viðvaranir um stofuhita skulu einnig koma fram (sjá hættu á lágum líkamshita).

Hreinlæti

Barnasængur skal hanna og framleiða þannig að auðvelt sé að þrifa þær vandlega til að koma í veg fyrir áhættu af völdum sýkingar eða smits. Varan skal einnig uppfylla þetta skilyrði þegar búið er að þvo hana samkvæmt leiðbeiningum framleiðanda og hún skal ekki verða blettótt af því að komast í snertingu við barnið.

SÉRTÆKAR ÖRYGGISKRÖFUR UM VÆRÐARPOKA FYRIR BÖRN

ÁHÆTTUR: Helsta hættan í sambandi við vöruna er að smáir hlutir standi í barninu eða að það festist í pokanum.

Öryggiskröfur

1. Almennar öryggiskröfur

Vörur skulu ekki stofna öryggi eða heilbrigði barna í hættu þegar þær eru notaðar eins og til er ætlast eða eins og fyrirsjáanlegt er að þær verði notaðar, að teknu tilliti til hegðunar barna.

Á merkimiðum vara eða umbúða þeirra og í meðfylgjandi notkunarleiðbeiningum skal athygli umönnunaraðila vakin á hættum og áhættum á skaða, sem fylgja notkun þeirra, og hvernig megi forðast þær.

2. Sértækar öryggiskröfur

Kröfur um efnafræðilega eiginleika

Værðarpokar fyrir börn skulu vera í samræmi við löggjöf ESB.

Bruna- og varmaeiginleikar

Værðarpokar fyrir börn skulu ekki skapa eldhættu í umhverfi barns.

Þeir skulu vera úr efnum, sem uppfylla a.m.k. eitt af eftirfarandi skilyrðum:

- þau brenna ekki þó að þau komist í beina snertingu við loga eða neista,
- ef kviknar í þeim skulu þau brenna hægt og útbreiðsla eldsins skal vera hæg.

Þar að auki skulu brennanleg efni ekki losa eittraðar lofttegundir við bruna.

Notkun eldtefjandi efna skal haldið í lágmarki. Séu eldtefjandi efni notuð skulu eiturrhif þeirra við notkun og förgun, þegar efni eru úr sér gengin, ekki stofna heilbrigði barna, umönnunaraðila þeirra eða umhverfinu í hættu.

Hætta á lágum líkamshita

Viðvaranir og leiðbeiningar skulu vekja athygli umönnunaraðila á hitastiginu í herberginu, þar sem varan er notuð, til að koma í veg fyrir lágan líkamshita.

Eðliseiginleikar og aflfræðilegir eiginleikar

Hætta á að festast í bilum og opum

Saumar og skrauthlutir á værdarpokanum mega ekki losna vegna aflfræðilegs álags við fyrirsjáanlega notkun, svo ekki skapist áhætta, einkum fyrir fingur, á að festast. Einnig skal stærð opa fyrir háls og handleggi koma í veg fyrir að barnið renni niður í pokann.

Heilleiki

Festingar skulu vera öruggar til að koma í veg fyrir að barnið renni ofan í pokann. Saumar og festingar skulu haldast óbreytt eftir að pokinn hefur verið þveginn samkvæmt leiðbeiningum framleiðanda.

Hætta á að flækjast

Á værdarpokum skulu ekki vera nein bönd eða lykkjur sem gætu flækst utan um háls barns.

Hættan á að það standi í barni og á köfnun þegar öndunarvegur lokast innan frá

Værdarpokar fyrir börn skulu ekki hafa lausa eða smáa hluti sem barn getur losað og sem komast upp í munn þess og það getur kyngt. Værdarpokar skulu ekki hafa smáa hluti sem barn getur losað og sem geta setið fastir í koki eða aftanverðu munnholi. Fyllingarefnið skal ekki vera aðgengilegt og skal þola álag af fyrirsjáanlegri notkun barns, (þ.m.t. að bitið sé í vöruna), með tilliti til möguleikans á því að þræðir liggi í gegnum sauma og til styrkleika saumanna.

Hætta á köfnun þegar öndunarvegur lokast utan frá

Á værdarpokum fyrir börn skulu ekki vera áþrykktir miðar úr plasti, sem barnið getur losað af, eða önnur ógegndræp lög, sem geta hulið munn og nef samtímis.

Umbúðir utan um vöruna skulu ekki valda hættu á köfnun sem stafar af því að öndunarvegur lokast utan frá.

Barnið skal geta andað og hafa nægilegt loftflæði þegar værdarpokinn hylur andlit þess í svefni.

Hættulegar brúnir

Værdarpokar fyrir börn skulu ekki hafa skarpar brúnir eða vera oddhvassir.

Sértækar viðvaranir vegna vörunnar

Í viðvörunum og leiðbeiningum skal umönnunaraðilum ráðlagt að velja værdarpoka sem hentar aldri og hæð barnsins.

Viðvaranir um stofuhita skulu einnig koma fram (sjá hættu á lágum líkamshita).

Hreinlæti

Værdarpoka fyrir börn skal hanna og framleiða þannig að auðvelt sé að þrifa þá vandlega til að koma í veg fyrir áhættu af völdum sýkingar eða smits. Varan skal einnig uppfylla þetta skilyrði þegar búið er að þvo hana samkvæmt leiðbeiningum framleiðanda og hún skal ekki verða blettótt af því að komast í snertingu við barnið.
